



Launastefna Vopnafjarðarhrepps

Vopnafjarðarhreppur hefur launajafnrétti að leiðarljósi við launastefnu sína.

Það er stefna Vopnafjarðarhrepps að tryggja að konur og karlar sem starfa hjá sveitarfélaginu hafi jöfn tækifæri í starfi, fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum. Með stefnunni er unnið markvisst gegn kynbundnum launamun, beinni eða óbeinni mismunun á grundvelli kyns og stuðlað að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði í samræmi við ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna, með síðari breytingum.

Jafnlaunastefna

- Jafnlaunastefnu Vopnafjarðarhrepps er ætlað að styðja við og efla þjónustu við íbúa hreppsins.
- Allar launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar. Launaákvæðanir eru byggðar á kjarasamningum og viðmiðunarreglum um aukagreiðslur og hlunnindi.
- Til að styðja við þetta markmið er stuðst við starfsmatskerfi sem metur á kerfisbundinn hátt þau störf sem starfsfólk hreppsins sinnir með tilliti til ábyrgðar, álags og sérhæfni.
- Jafnlaunastefna er órjúfanlegur hluti af launastefnu hreppsins og er henni ætlað að tryggja að jafnréttis sé gætt við allar launaákvæðanir. Með því er átt við þá stefnu að greiða starfsmönnum jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf samkvæmt skilyrðum jafnréttislaga, ásamt öllum öðrum lögum og reglum sem tryggja að fyllsta jafnréttis sé gætt við launaákvæðanir.
- Æðstu sjórnendur skuldbinda sig til að setja Vopnafjarðarhreppi jafnlaunamarkmið og vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastefnu á rýnifundum tvisvar á ári.
- Komi í ljós launamunur á jafnverðmætum og sambærilegum störfum í launagreiningum eða innri eða ytri úttektum skal rýna niðurstöður úttekta og



VOPNAFJARÐARHREPPUR

gera umbætur þegar þess er þörf ef ekki er hægt að rökstyðja launamuninn á málefnalegan hátt.

- Stefna um launajafnrétti og niðurstöður launagreininga skulu kynntar öllum starfsmönnum.

Sveitarstjóri og skrifstofutjóri bera ábyrgð á framfylgd launastefnu þessarar og innleiðingu og viðhaldi janflaunakerfis Vopnafjarðarhrepps.

Samþykkt á 34. fundi sveitarstjórnar þann 21. janúar 2020.